

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands var haldinn fimmtudaginn 17. maí 2018 og hófst kl. 20.06.

Stjórn HRFÍ boðaði til aðalfundar í félaginu sem haldinn var á Hótel Cabin 7. hæð, Borgartúni 32, 105 Reykjavík og hófst kl. 20.06. Herdís Hallmarsdóttir formaður félagsins, setti fundinn kl. 20.06 og skipaði fundarstjóra og fundarritara og var skipan þeirra samþykkt með lófataki. Herdís lýsti yfir því að starf félagsins blómstraði og að hundafólk væri sýnilegra en nokkru sinni fyrr, sem væri með eindæmum jákvætt.

Dagskrá:

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað

Ari Karlsson var fundarstjóri og Hafdís Jóna Þórarinsdóttir, fundarritari. Fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins og í Fréttablaðinu 5. maí sl. til samræmis við ákvæði 7. gr. laga félagsins. Fundarstjóri lýsti því yfir að mælendaskrá væri opin um öll dagskráratriði og gætu áhugasamir fundarmenn skráð sig undir viðeigandi liðum á mælendaskrá hjá fundarritara. Mælendaskrá væri opnuð eftir hvern lið og myndi fundarstjóri tilkynna hvenær mælendaskrá væri lokað um hvern dagskrárlið. Fundarstjóri lýsti því yfir að boðun væri lögmæt. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan.

2. Skýrsla stjórnar HRFÍ

Herdís Hallmarsdóttir flutti framsögu um skýrslu stjórnar. Skýrslan er birt í heild sinni á netinu en helstu punktar fara hér á eftir. Ársskýrsla stjórnar var birt þann 16. maí.

Stjórn skipuðu á síðasta ári:

Herdís Hallmarsdóttir, formaður
Daníel Örn Hinriksson, varaformaður
Pétur Alan Guðmundsson, gjaldkeri
Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritari
Þorsteinn Thorsteinson, meðstjórnandi
Guðbjörg Guðmundsdóttir, varamaður
Viktoría Jensdóttir, varamaður

Skrifstofa félagsins: Annasamt ár og af nógu að taka. Þó nokkrar mannabreytingar hafa verið á skrifstofu félagsins. Í dag starfa á skrifstofunni Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri, Stefanía Björgvinsdóttir sem sinnir útgáfu ættbóka og heilsufari og Hilda Björk Friðriksdóttir sem er í hlutastarfi og sinnir afgreiðslu. Bókhald félagsins er fært hjá Reglu.

Húsnæðismál:

Húsnæðismál félagsins eru í sífelldri endurskoðun.

Stjórn félagsins ritaði bréf formlegt erindi til Reykjavíkurborgar og falaðist eftir lóð eða samstarfi.

Haldnir hafa verið tveir fundir en hugmyndir borgarinnar voru að HRFÍ færi í samstarf með Fákí.

Í mars barst tilboð í fasteignina úr Ra ehf. uppá 46 milljónir. Tilboðið þótti of lágt að álit fasteignasala.

Fasteign HRFÍ var sett á söluskrá og er ásett verð 58 milljónir.

Unnin var þarfagreining eftir niðurstöðum skoðanakönnunarinnar.

Erindi sent til allra sveitarfélaga á stórhöfuðborgarsvæðinu sambærilegt því sem var sent til Reykjavíkurborgar.

Einnig hefur verið haft samband við stærstu fasteignasölur – þeim send þarfagreiningin og óskað eftir að viðkomandi hefði augu opin ef kæmi til húsnæði sem gæti hentað.

Ákvörðun um sölu fasteignarinnar og kaup á annarri er mikil fjárskuldbinding sem félagsfundur einn hefur ákvörðunarvald um.

Tölvukerfi:

Á árinu hefur stjórn átt í viðræðum við Danska hundaræktarfélagið um að fá aðgang að tölvukerfi þeirra. Stjórn DKK hefur fallist á að bjóða HRFÍ aðgang að kerfinu í þremur skrefum.

Fyrst bjóða þeir upp á sýningarkerfið.

Í öðru skrefi mun HRFÍ taka upp tölvukerfið með félagatalinu.

Í því þriðja mun félagið taka upp ættbókar- og heilsufarsskráningar.

Vonast er til þess að HRFÍ geti byrjað að nota sýningarkerfið á árinu 2018 ef engar tæknilegar hindranir verða í veginum.

Mun þetta kerfi vera einfaldari leið, bæði fyrir starfsmenn skrifstofu og félagsmenn.

Starf félagsins:

Ættbókarskráningar héldust stöðugar

Gotskráningar héldust stöðugar

Innfluttir hundar voru 90 talsins og ein ný hundategund: finnskur lapphundur.

Félagsmenn eru nú 3.421 talsins sem er 44% fjölgun frá árinu 2015 til 2017.

Aðgerðir stjórnar til að fjölga félagsmönnum hafa skilað sér.

Sýningar:

Fimm all-breed sýningar haldnar á árinu

Skráningar jukust um tæplega 500 talsins eða um 12%

Skráning á hvolpasýningu jókst um 20% og voru 650 hvolpar sýndir á sýningum félagsins

Átak í kynningu á sýningum félagsins, til dæmis kynningarmyndbönd sem fengu mikið áhorf og dreifingu. Keppt var um besta ungliða sýningar í fyrsta sinn á sumarsýningu félagsins árið 2017 og verður áframhald á því.

Breytingar voru gerðar á útreikningum til stigahæstu ræktenda. Stig verða reiknuð fyrir hvert viðurkennt hundakyn ræktanda og stig fleiri hundakynja leggjast því ekki saman.

Sýningadómarar:

Sýningadómurum félagsins hefur farnast vel á árinu og hafa þeir verið duglegir að læra og þreyta próf á nýjar tegundir, allt undir handleiðslu skandinavískra dómara.

Ræktunardeildir:

Í dag eru 27 ræktunardeildir innan HRFÍ.

Þar af hafa 8 deildir ekki skilað ársskýrslu eða gögnum.

Vinnuþróf:

Sjö hlýðniþróf – 50 skráningar

Þrjú sporapróf – 14 skráningar

Retrieverdeild: Eitt vinnuþróf

Vinnuhundadeild er bjartsýn og vonar að þátttaka og áhugi fyrir vinnu með hunda aukist. Upptaka á rally-hlýðni.

Nýir spora- og hlýðnidómarar:

Kristjana Bergsveinsdóttir var samþykkt sem sporahundadómari I og II
Silja Unnsteinsdóttir var samþykkt sem hlýðnidómari.

Veiðipróf:

Fjölgun á heildarskráningu í veiðipróf um 10%
Ellefu veiðipróf undir merkjum tegundarhóps 7 - 331 skráning
Fuglahundadeild: Fimm veiðipróf á árinu – þrjú á heiði og tvö sækiþróf
Vorstehdeild: Eitt próf á heiði
DESÍ: Fjögur próf
Írsk setterdeild: Eitt próf
Retrieverdeild: Tíu veiðipróf fyrir sækjandi hunda – 92 skráningar

Unnin voru drög að nýju regluverki fyrir veiðiprófsdómaranám í fuglahundum. Drög gerðu ráð fyrir því að stofnuð verði dómara nefnd sem annast skipulag, undirbúning og menntun dómara.

Dómararáð og deildir innan tegundahóps 7 munu tilnefna aðila í dómara nefndina.

Stjórn hefur leitað til NKK og óskað eftir að þeir samþykki aðkomu norskra dómara að náminu og er beðið eftir svari að utan svo hægt verði að samþykkja reglurnar.

Íþróttadeild:

Íþróttadeild bauð upp á fjölda hundafiminámskeiða, æfinga og prófa.

Íþróttadeild kemur til með að reka veitingasölu á útisýningum félagsins til að afla fjár.

Samstarf við Ungmennadeild á árinu og stjórnir deildanna horfa jákvæðar til áframhaldandi samstarfs.

Nýir hundafimidómarar:

Stefanía Björgvinsdóttir
Anna Birna Björnsdóttir
Silja Unnarsdóttir

Verða alþjóðlegir hundafimidómarar í samstarfi við NKK

Réttindi hundaeigenda

Nýtt áhættumat í vinnslu og standa væntingar um að niðurstaða liggja fyrir í lok mánaðarins.

Áralöng barátta félagsins fyrir endurskoðun reglna um einangrunarvist hunda er að skila sér.

Hundar eru nú leyfðir á veitingastaði þótt með ströngum skilyrðum.

Hundar í strætó fór í gang á árinu og gengur vel.

Hundaeigendur þurfa að halda áfram að sýna ábyrgð og sanna að hundar eigi heima í samfélaginu.

Sámur:

Félagsblaðið Sámur kom tvisvar út á árinu

Ritstjóri var Klara Símonardóttir

Útgáfa Litla Sáms hætti en í stað þess var tekið upp að hafa 'Deildarfréttir' á heimasíðu HRFÍ. Þar geta deildir sent inn fréttir frá starfi sínu.

Ræktunarmarkmið íslenska fjárhundsins:

Eitt helsta markmið félagsins er að standa vörð um ræktun og markmið íslenska fjárhundsins.

Endurskoðun ræktunarmarkmiðs sem hafði verið í gangi í rúm tíu ár lauk á árinu.

Nýtt markmið var sent til staðlanefndar FCI og var samþykkt á fyrsta fundi.

Markmiðið er nú til afgreiðslu hjá stjórn FCI.
Vinnubrögð að ræktunarmarkmiðinu voru vel og vandlega unnin.

Aukið kynningarstarf:

Sett hefur verið á legg ný fræðslu- og kynningarnefnd og er hafin vinna við það að efla kynningarstarf innan félagsins.

Umbunarkerfi:

Unnið er að því að gera umbunarkerfi fyrir sjálfbóðaliða að veruleika.

Afmælishátíð félagsins:

Árið 2019 er 50 ára afmæli félagsins.

Ný nefnd hefur verið skipuð innan félagsins og er þegar í stað hafinn undirbúningur fyrir afmælishátíð sem haldin verður á árinu 2019.

Að lokum þakkaði Herdís stjórn fyrir vel unnin störf á árinu og fyrir gott samstarf. Einnig fyrir hönd stjórnar færði hún þeim fjölmörgu sjálfbóðaliðum félagsins sem og öllum félagsmönnum bestu þakkar fyrir frábært starf.

Fundarstjóri þakkaði Herdís fyrir framsöguna og lýsti því yfir að einn aðili hefði skráð sig á mælendaskrá, Einar Guðnason.

Einar Guðnason kom upp í pontu og óskaði stjórn til hamingju með tölvukerfið hjá DKK. Hann spurði því næst hvort kerfið væri einungis fyrir hundasýningar eða einnig fyrir aðra viðburði.

Einnig vildi hann vita hve margir af þeim sem fengu frítt félagsgjald hefðu haldið áfram í félaginu.

Fundarstjóri bauð stjórnarmönnum að bregðast við yfirlýsingunni og steig Herdís Hallmarsdóttir í pontu.

Herdís kvað félagið borga fyrir aðlögun á kerfinu en ekki hönnun þess. DKK býður upp á skráningu á veiði- og vinnupróf en félaginu hefur ekki verið boðinn aðgangur að því enn. Eitt skref er tekið í einu og vonir standa til þess að félagsmenn fái að skrá á alla viðburði félagsins á kerfinu.

Herdís sagði fría félagsgjaldið fyrir nýja eigendur vera að skila sér í aukningu og væri hægt að skoða það betur þegar fjárhagur félagsins væri kynntur.

Fundarstjóri þakkaði mælendunum Einari og Herdís fyrir.

3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar

Fundarstjóri bauð Guðnýju Rut Ísaksen, framkvæmdastjóra, í pontu til þess að fara yfir reikninga félagsins.

Guðný fór yfir ársreikning HRFÍ og Ra ehf., sem er félag í eigu HRFÍ, sem á fasteignina Síðumúla 15, og skýrði einstaka liði. Var glærum varpað upp á tjald til skýringar.

Samantekt reikninga HRFÍ og RA – áætlanir byggjast á reikningum beggja félaga.

Auknar tekjur á félagsgjöldum enda aukning á félagsmönnum.

Afskrifaðar kröfur: endurskoðandi ákvað að afskrifa kröfur upp á milljón

Auknar tekjur á sýningum: meiri skráning – fleiri tækifæri

Fundarmenn klappa fyrir Guðnýju og góðri kynningu á fjármálum félagsins.

Fundarstjóri þakkaði Guðnýju fyrir kynninguna. Ársreikningarnir hafa verið birtir á heimasíðu félagsins og einnig var þeim dreift á fundinum. Fundarstjóri lýsti eftir mælendum á mælendaskrá vegna þessa liðar en enginn skráði sig. Ársreikningur fyrir árið 2017 samþykktur samhljóða með handaruppréttingu.

4. Skýrsla um starfsemi síðanefndar

Kristín Sveinbjarnardóttir, formaður steig í pontu og flutti skýrslu síðanefndar.

Síðanefnd var skipuð á árinu 2017 þeim Guðríði Þorbjörgu Valgeirsdóttur, Guðrúnu Margréti Baldursdóttur og Kristínu Sveinbjarnardóttur. Varamenn voru Hilmar Sigurgíslason og Kristín Fjóra Fannberg. Guðrún S. Sigurðardóttir hætti störfum á síðasta ári og henni þakkað fyrir vel unnin störf.

Frá síðasta aðalfundi í maí 2017 fundaði nefndin 9 sinnum.

Á árinu 2017 bárust nefndinni 38 mál og það sem af er árinu 2018 eru málin orðin 16.

Af málum ársins 2017 eru 34 málum lokið en eftir era 8 úrskurða í 4 málum.

Af málum ársins 2018 eru 9 málum lokið.

Samtals voru 34 mál afgreidd á starfsárinu.

Fundarstjóri þakkaði Kristínu fyrir skýra frásögn á skýrslu og lýsti eftir mælendum á mælendaskrá um skýrslu síðanefndar en enginn óskaði eftir orðinu.

5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil

Guðný Rut Isakssen framkvæmdastjóri kynnti áætlunina.

Guðný telur tekjur félagsgjalda ekki verða jafn háa og frá síðustu tveimur árum. Búin að vera góð aukning yfir árin sem helst vonandi. Þarf ekki alltaf að búast við enn meiri aukningu. Kveður að launakostnaður muni hækka þar sem starfsmenn eru aftur orðnir þrír. Voru tveir stóran hluta ársins 2017.

Telur skrifstofukostnað hækka vegna komu tölvukerfisins og aðlögunar við DKK kerfið. Óhætt að gera ráð fyrir ca. tveimur milljónum í það.

Aukinn fjárhagur gæti þurft að standa straum af umbunarkerfi.

Gjöld sýninga gætu hækkað vegna aukinnar utanaðkomandi vinnu.

Mörg stór verkefni eru framundan og því vert að hafa í huga að áætlanir geti breyst.

Fundarstjóri lýsti eftir mælendum á mælendaskrá um starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar. Kjartan Antonsson óskaði eftir orðinu.

Kjartan kom með spurning um launakostnað og spurði hver laun framkvæmdastjóra væru samanborið við almennan skrifstofustarfsmann. Hver partur Guðnýjar væri og hvort hún væri með auka hlunnindi. Hann innti eftir því að félagsmenn hefðu rétt á því að vita hvað hver og einn starfsmaður væri með í laun. Líkti þessu við stórfyrirtækin þar sem laun starfsmanna eru opinber almenningi.

Guðný svaraði að trúnaður ríkti um launakjör hennar við stjórn félagsins. Greindi einnig frá því að hún væri ekki með nein auka hlunnindi.

Guðný færði orðið á **Herdísi** sem sagði laun æðstu stjórnanda innan félagssamtaka ekki sambærileg við stóru fyrirtækin. Um launamál gildi trúnaður. Það eru birtir sundurliðaðir ársreikningar þar sem allar fjárhæðir eru birtar og allt uppá borðum. Laun í Hrfí eru ekki samkeppnishæf við vinnumarkaðinn og gerir það félaginu erfitt fyrir að halda góðu fólki. Klappað var fyrir Herdísi.

Einar Guðnason óskaði því næst eftir orðinu og spurði um hækkun gjalda á veiðipróf og sýningar. Vildi vita af hverju þau væru hækkuð en ekki félagsgjöld þar sem það myndi skila inn meiri hagnaði fyrir félagið.

Guðný kom í pontu og svaraði. Sýningagjöld voru hækkuð til að koma til móts við almennar hækkanir og til þess að greiða fyrir utanaðkomandi vinnu á sýningum. Var eðlilegt að hækka þessa liði á sama hátt og fyrir sömu prósentu.

Sigrún Valdímarsdóttir mótmælti ábendingu Einars þar sem einungis hluti félagsmanna skráir á sýningar eða veiðipróf og ætti því ekki að hækka félagsgjöld sem allir borga.

Fundarstjóri lagði áætlunina undir fundinn til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða með handaruppréttingu.

6. Lagabreytingar

Ari Karlsson kynnti lagabreytingatillögu stjórnar. Tillaga að lagabreytingu frá stjórn HRFÍ:

Lögð var til breyting á 18. gr. laganna á þann veg að stjórn verði falið að kalla fulltrúaráð saman eins og þurfa þykir en lágmarksfjöldi slíkra funda sem í dag er þrisvar á ári, verði felldur úr gildi.

18. gr. verður

Stjórn félagsins kallar fulltrúaráð saman þegar ástæða er til.

18. gr. núverandi

Stjórn félagsins kallar fulltrúaráð saman, a.m.k. þrisvar sinnum ár hvert.

Ari sagði þessa tillögu auka sveigjanleika og að stjórn þyrfti því ekki að vera skuldbundin því að boða til fundar þrisvar sinnum á ári. Þess í stað væri boðaður fundur þegar ástæða væri til.

Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum um breytingatillöguna. Kjartan Antonsson bað um orðið.

Kjartan kom upp í pontu með breytingartillögu á breytingartillögunni. Að stjórn haldi að lágmarki einn fulltrúaráðsfund á ári og sé hann öllum félagsmönnum opin. Vill hafa einn fastan fund þar sem allir félagsmenn mæta. Einnig fer Kjartan fram á að skrifleg kosning verði um tillöguna.

Herdís kemur upp í pontu. Segir fulltrúaráðsfundur verða haldinn að lágmarki einu sinni á ári. Fundur geti

ekki verið opinn öllum því það kemur fram í lögum hverjir eigi rétt á að sitja í fulltrúaráði og þar af leiðandi rétt til að sækja fundi.

Kjartan kemur aftur upp í pontu með aðra breytingatillögu um að stjórn standi fyrir opnum félagsfundi einu sinni á ári.

Fundarstjóri synjaði tillögu um skriflega atkvæðagreiðslu þar sem tillagan er einföld. Tillaga Kjartans var felld.

Lagabreytingartillaga stjórnar í óbreyttri mynd samþykkt með auknum meirihluta með handaruppréttingu.

7. Kosning stjórnarmanna skv. 10. gr.

Kosningarétt og kjörgengi á fundinum hafa þeir sem borgað hafa félagsgjald sitt fyrir 2018, að lágmarki fimm virkum dögum fyrir fundinn. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalds 2018 voru sendir til félagsmanna í byrjun janúar.

Úr stjórn ganga:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritari

Þorsteinn Thorsteinson, meðstjórnandi

Guðbjörg Guðmundsdóttir, varamaður

Í framboði til embættis tveggja meðstjórnenda til tveggja ára eru: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Kjartan Antonsson og Þorsteinn Thorsteinson

Í framboði til embættis eins varamanns til tveggja ára eru: Guðbjörg Guðmundsdóttir og Kjartan Antonsson

Fundarstjóri bauð frambjóðendum að taka til máls og kynna sig í stuttu máli.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir steig í pontu og lýsti yfir því að hún væri stolt að vera hluti af vinnu stjórnar undanfarin ár. Að starfið hafi verið skemmtilegt en krefjandi. Hafi hún fjölbreytta reynslu innan félagsins, meðal annars sem stofnandi Ungmennadeildar og auk þess verið virk í ungmennastarfi. Var ritstjóri Sáms til margra ára sem og í ritnefnd. Í dag er hún einnig sýningadómari. Hún telur stjórnaraðila þurfa að vilja vinna fyrir alla félagsmenn og hlúa að öllum þáttum starfsins – félagið er félag allra hundaeigenda. Vill að félagsmenn geti talað saman augliti til auglitis en ekki í gegnum samfélagsmiðla og að þar sé gagnkvæm virðing mikilvægur þáttur. Við þurfum að muna að það er í lagi að vera sammála um að vera ósammála.

Kjartan Antonsson steig í pontu og sagðist að þrátt fyrir að hafa aldrei verið í stjórn þá hefði gengið á ýmsu, bæði þroskandi og oft erfitt. Tók þátt í að stofna tvær virkar deildir, Vorstehdeild og DESÍ. Er í framboði fyrir alla félagsmenn. Vill meina að vondar skoðanir þurfa einhvers staðar að eiga heima og að vondar skoðanir séu ekki slæmar skoðanir heldur ólíkar skoðanir. Segir óánægju vera innan félagsins og að stjórn undanfarinna ára ekki hafa sinnt öllum félagsmönnum HRFÍ. Nái hann kjöri ætli hann að koma á fót stjórnarkosningu sem allir félagsmenn geti tekið þátt í og sjá til þess að félagið hafi engin leyndarmál.

Þorsteinn Thorsteinson steig í pontu og kynnti sig. Hefur setið í stjórn félagsins síðastliðin tvö ár en verið félagi síðan árið 1997. Bakrunnur hans kemur frá Deild íslenska fjárhundsins, bæði sem stjórnarmaður og tengiliður. Málefni íslenska fjárhundsins standa honum nærri enda er verndun og varðveisla þjóðarhundsins kjarni í starfi félagsins. Í dag er hann sýningardómari og dæmir einungis ísliskan fjárhund. Sinnir fjölbreyttu starfi innan félagsins, var áður fígúrant í skapgerðarmati, sat í ritnefnd Sáms og er hringstjóri á sýningum. Hefur setið í nokkur ár í sýningastjórn og í dag í sýninganefnd félagsins. Hefur leiðbeint á námskeiðum fyrir nýja ritara og hringstjóra. Vann að nýju ræktunarmarkmiði íslenska fjárhundsins. Er stoltur meðlimur HRFÍ og þykir vænt um félagið. Hann vill fá tækifæri til þess að halda áfram að vinna áfram í góðri stjórn sem kemur úr ólíkum áttum.

Fundarstjóri þakkaði frambjóðendum. Framboð þeirra uppfylla skilyrði laga félagsins. Gengið var til atkvæðagreiðslu um aðalmenn í stjórn kl. 21.42 og fundarmenn fengu kaffihlé á meðan atkvæði voru talin. Fundi var áfram haldið kl. 22.07. Fundarstjóri lýsti talningu atkvæða lokið. Hann kvað 196 atkvæði hafa verið greidd á fundinum og 41 utan kjörfundar, eða alls 237 atkvæði greidd.

Atkvæði fóru þannig að:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir hlaut 105 atkvæði
Þorsteinn Thorsteinson hlaut 102 atkvæði
Kjartan Antonsson hlaut 30 atkvæði

Fundarstjóri lýsti því yfir að Auður Sif og Þorsteinn væru réttkjörnir aðalmenn í stjórn HRFÍ til næstu tveggja ára og var kosningu þeirra fagnað með lófataki.

Næst var haldið að kosningu varamanns til tveggja ára og voru það Guðbjörg Guðmundsdóttir og Kjartan Antonsson sem voru í framboði. Daníel Örn Hinriksson steig í pontu fór með kynningu Guðbjargar sem var erlendis á vinnufundi.

Guðbjörg hefur verið félagi frá árinu 2004 þegar hún eignaðist sinn fyrsta hreinræktaða hund, Ask. Hún fór fljótlega að taka þátt í alls konar námskeið; hlýðni, spor, sækivinnu og meira að segja sleðahundanámskeið. Lífið með með Aski kveikti mikinn áhuga á vinnu og skapgerð hunda og hefur hún því reynt að efla starf félagsins í tengslum við vinnu hunda undanfarin tvö ár sem varamaður stjórnar. Askur hélt áfram að kenna henni á hunda þar sem hann er flogaveikur. Heilbrigði er henni því hjartansmál og leggur mikla áherslu á heilbrigði í ræktun. Guðbjörg hefur setið í fjölda nefnda og stjórnnum deilda sem og tekið þátt í ýmsu starfi á vegum félagsins. Félagið er okkar allra og lýsir hún yfir þakklæti fyrir stuðningi síðastliðin tvö ár og vonast eftir áframhaldandi stuðningi.

Kjartani Antonssyni var boðið í pontu en hann afþakkaði.

Kosning til varamanns í stjórn fór fram og var atkvæðum safnað saman og þau talin. Fundi var fram haldið kl. 22.26. X Kjartan hlaut 32 atkvæði og Guðbjörg 92. Guðbjörg hlaut besta kosningu í sæti varamanns. Þeirri kosningu var fagnað með lófataki.

8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara

Núverandi aðalmenn, Þorsteinn Þorbergsson og Maríanna Gunnarsdóttir, hafa gefið áfram kost á sér og

núverandi varamenn, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristín Sveinbjörnsdóttir gefa áfram kost á sér. Voru þau réttkjörin með lófataki.

9. Kosning siðanefndar

Kristín Sveinbjörnsdóttir og Guðrún Margrét Baldursdóttir gefa áfram kost á sér sem aðalmenn en úr siðanefnd gengur Guðríður Valgeirsdóttir og er henni þakkað fyrir gott starf. Kristín Fjóra Fanndal gefur einnig kost á sér sem aðalmaður.

Hilmar Sigurgíslason gefur áfram kost á sér sem varamaður og Þorbjörg Ásta Leifsdóttir gefur kost á sér sem varamaður.

Fundarstjóri lýsti því að frambjóðendur væru því réttkjörin. Var því fagnað með lófataki.

10. Önnur mál

1. Fundarefni stjórnar HRFÍ – Flytjandi: Ólafur Ragnarsson

Ólafur Ragnarsson steig í pontu og lagði fram þá tillögu að fundarefni sem stjórn HRFÍ kemur til með að taka fyrir á stjórnarfundi verði sýnilegt félagsmönnum/stjórnnum deilda sjö virkum dögum fyrir fund. Einnig lagði hann til að niðurstaða stjórnarfunda HRFÍ verði aðgengileg félagsmönnum þremur virkum dögum eftir fund. Þar af auki lagði hann til að öll fylgirit og gögn sem tekin væru fyrir á fundum væru aðgengileg öllum félagsmönnum á netinu.

Stjórn lagði til að þessari ályktun yrði vísað frá.

Herdís steig í pontu og greindi frá því að þessi tillaga samrýmist ekki 12. grein félagsins sem greinir frá því að boðað er til stjórnarfunda með tveggja daga fyrirvara. Stjórn telji óhjákvæmilegt að verða að þessari ósk þar sem mál gætu dregist á langinn ef þyrfti að bíða með þau í sjö virka daga. Einnig kvað hún að tillagan um að niðurstaða fundarefnis yrði birt þremur virkum dögum eftir fund myndi draga úr skilvirkni sem og að stjórnarmenn eru í sjálfboðastarfi og því erfitt að leggja svo mikla kröfu á að koma fundargerðum út á svo stuttum tíma, að þau vilji frekar vanda frágang en auðvitað hratt og örugglega. Varðandi að birta öll fylgirit og gögn sem væru tekin fyrir á fundum væri það brot á trúnaði félagsmanna og væru mun færri sem myndu senda inn fyrirspurnir til stjórnar. Mál eru mismunandi og væri miður ef ekki væri hægt að senda stjórn gögn og upplýsingar í trúnaði.

Hulda Jónasdóttir steig í pontu og kom með aðra tillögu. Hún óskaði eftir því að það yrði opinbert hvernig atkvæðagreiðsla varðandi ýmis málefni stjórnar falli. Fundarstjóri óskaði eftir því að hún færi afsíðis og skrifaði tillögu sína niður á blað til kynningar seinna.

Einar Guðnason kom í pontu og sagði fundargerðir birtast of seint. Kvað stjórn vera búna að samþykkja mál áður en fundargerðir eru komnar út án vitneskju félagsmanna. Fundarstjóri stoppaði hann af vegna þess að hann var kominn út fyrir efni sem og óskaði eftir því að ef fundarmenn ætluðu að stíga í pontu að halda sig við efnið.

Ólafur kom aftur í pontu til að breyta tillögu sinni. Lagði til að dagskrá yrði birt félagsmönnum tveimur dögum fyrir fund. Einnig að gögn og fylgirit yrðu birt eftir fund eins fljótt og hægt er.

Auður Sif steig í pontu og benti á að með þessu fyrirkomulagi geti stjórn ekki afgreitt mál á milli funda.

Kjartan Antonsson kom í pontu og sagðist fagna tillögum Huldu og Ólafs og styðja tillögu Huldu.

Hulda dró tillögu sína til baka vegna þess að hún taldi hana ófullnægjandi og **Kjartan** tók hana þá aftur upp

Ólafur kom aftur í pontu og greinir frá því að stjórn eigi að koma til móts við félagsmenn og birta gögn frá fundum.

Herdís steig í pontu og kvað stjórn ekki vísitandi halda aftur gögnum eða upplýsa félagsmenn ekki um gögn. Það væri ástæða fyrir því að öll gögn væru ekki aðgengileg öllum, að það gildi trúnaður innan félagsins og að það myndi draga úr því að mál myndu koma inn til stjórnar. Einnig nefndi hún að það væru ekki greidd atkvæði um öll mál sem koma inn til stjórnar. Málin væru rædd, skipst á skoðunum og yfirleitt blasi sameiginleg niðurstaða við. Þau taka hinsvegar ábendingu varðandi fundargerðir til sín og reyna að koma þeim til skila eins fljótt og auðið er.

Kjartan kom í pontu og sagði að það kosti ekki neitt og væri öllum til hagsbóta að fundargerðir komi fljótt á netið. Einnig sagði hann að fundargerðir væru ekki nægilega ýtarlegar.

Fundarstjóri lokar mælendaskrá og bendir á að bannað sé að taka upp á fundi. Að hann væri einungis opinn þeim félagsmönnum sem væru mættir og að það væri stranglega bannað að dreifa efni fundar til utanaðkomandi.

Frávísunartillaga er samþykkt og tillögur Ólafs, Huldu og Kjartans því vísað frá.

2. Nýir félagsmenn – Flytjandi: Stefanía H. Sigurðardóttir

Stefanía H. Sigurðardóttir steig í pontu og kynnti mál sitt. Langaði að vita hvað og hvort stjórn hafi fylgt eftir þeim nýju félagsmönnum sem boðið var frítt árgjald á sínum tíma, t.d. með kynningu á félaginu, starfi þess og deildum og hvort fræðslu- og kynningarnefnd hafi staðið fyrir einhverri kynningu fyrir nýja félagsmenn. Einnig vildi hún vita af hverju útgáfa litla Sáms væri hætt.

Viktoría Jensdóttir kom í pontu og sagðist vera hluti af nýju fræðslu- og kynningarnefndinni. Sagði nefndina hafa hist þrisvar sinnum og margar hugmyndir væru komnar á loft en að þau væru opin fyrir öllum hugmyndum um hvernig þau gætu komið fræðslu áleiðis fyrir nýja og núverandi félagsmenn. Sagði að það væri ekki enn búið að finna góða leið til að halda nýju félagsmönnum inni en að það væri unnið að því.

Guðný Isaksen steig í pontu. Svaraði fyrirspurn Stefaníu varðandi litla Sám. Að það væri kominn nýr hlekkur á heimasíðu félagsins sem væri 'Deildarfréttir'. Þar gætu deildir sent inn fréttir og væri hægt að koma þeim beint á netið og að það væri því mun meira flæði. Einnig sagði hún að samfélagsmiðlar væru að koma sterkir inn varðandi kynningu á starfi félagsins meðal annars á facebook og snapchat. Einnig væru nýir félagsmenn að fá Sám sem er auðvitað kostnaður en einnig góð kynning.

Sigrún Guðlaugardóttir kom í pontu sem meðlimur fræðslu- og kynningarnefndar og stjórnarmeðlimur Retrieverdeildar. Hún sagði að það væri ekki allt undir stjórn komið að kynna starf félagsins. Einnig ættu stjórnir deilda sem og ræktendur að kynna starf tegundarinnar og hvetja hvölpakaupendur áfram. Að það

væri mikil breidd innan félagsins og því þyrftu deildir einnig að standa straum af því að kynna starf hverrar deildar sem og starf félagsins.

Margrét Bára Magnúsdóttir steig í pontu og sagðist styðja mál Sigrúnar, að það væri á ábyrgð ræktenda að hvetja hvolpakaupendur áfram og segja þeim hvað væri í boði í félaginu og deildinni. Sagði ábyrga ræktendur fylgja hvolpakaupendum sínum eftir.

Stefanía benti á að ekki allir félagmenn komi inn í félagið sem hvolpakaupendur. Vildi vita hvort það væri einhver markviss kynning á félaginu fyrir alla félagsmenn.

Auður Sif kom í pontu og sagði spurningu Stefaníu vera góða og að það sé þess virði að spá í þessa hluti og að það þurfi að stuðla að góðu kynningarstarfi.

Fundarstjóri kom í pontu og lýsti yfir því að búið væri að tæma dagskrá undir Önnur mál.

Herdís Hallmarsdóttir steig því næst í pontu og þakkaði fyrir góðan fund og óskaði þess að starf félagsins haldi vel áfram.

Fundi slitið kl. 23.10.